



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

FORSETI ÍSLANDS HEIMSÆKIR KANADA Í TILEFNI AF 150 ÁRA AFMÆLI ÍSLENDINGABYGGÐAR Í MANITOBA

Forseti Íslands, Halla Tómasdóttir, og Björn Skúlason, eiginmaður hennar, heimsækja Kanada dagana 30. júlí til 5. ágúst í tilefni af því að í ár eru 150 ár liðin frá því að fyrsti stóri hópur Íslendinga kom til Manitoba og stofnaði „Nýja Ísland“. Þessara tímamóta verður minnst með ýmsum viðburðum og er óvenju mikið lagt í Íslendingadagshátíðina 1.–4. ágúst af þessu tilefni.

Í Winnipeg heimsækir forseti Manitoba-háskóla og fundar með dr. Michael Benarroch rektor og skoðar bókasafn skólans. Þá mun hún eiga fundi með fylkisstjóra Manitoba, Anitu Neville, og Uzoma Asagwara heilbrigðisráðherra. Einnig mun hún skoða Mannréttindasafnið í Winnipeg.

Þá liggur leið forseta til Nýja Íslands, byggðarlagsins norður af Winnipeg þar sem margir Íslendingar settust að á 19. öld, og tekur hún þar þátt í Íslendingadagshátíðinni. Meðal viðburða má nefna heimsóknir til Árborgar, Hecla Island og Riverton auk þess sem forseti mun skoða The New Iceland Heritage Museum, héraðssafnið í Gimli, taka þátt í skrudgöngu og flytja hátíðarræðu á Íslendingadeginum 4. ágúst.

29. júlí 2025

Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (s. 540 4400) og Sif Gunnarsdóttir forsetaritari (s. 664 8249).